

AUGLÝSING

um breytingu á deiliskipulagi iðnaðarsvæðis í Svartsengi, Grindavíkurbæ.

Bæjarráð Grindavíkurbæjar samþykkti þann 7. júlí 2010 breytingu á deiliskipulagi í Svartsengi vegna metanólvinnslu.

Deiliskipulagsbreytingin felur í sér:

- a) Stækkun byggingarreits á lóð metanólverksmiðju til að skapa nauðsynlegt svigrúm fyrir aðstöðu verksmiðjunnar. Leyfilegt er að byggja turn sem er 24 m að hæð og telst það í samræmi við hæðartakmarkanir deiliskipulags. Engin breyting er gerð á leyfilegu byggingarmagni.
- b) Lagnaleið frá Svartsengisvirkjun að lóð metanólverksmiðju. Í lagnaleið geta m.a. verið jarðgas, heitt vatn, kalt vatn og kælivatn. Meginlagnir verða neðanjarðar, lítill hluti lagna verður ofanjarðar.
- c) Gufulögn sem liggur frá Svartsengisvirkjun að lóð metanólverksmiðju. Nákvæm útfærsla og lega lagna getur breyst lítillega á hönnunarstigi.

Breytingar á deiliskipulagi breyta ekki umfjöllun um möguleg umhverfisáhrif deiliskipulags, þar sem leyfilegar stærðir eru þær sömu, starfsemi er óbreytt, lóðamörk eru óbreytt, meginlagnir verða neðanjarðar og engar breytingar verða á ásjúnd.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga og öðlast þegar gildi.

Grindavík, 30. ágúst 2010.

Ingvar Þór Gunnlaugsson, forstöðumaður tæknideildar.

B-deild – Útgáfud.: 31. ágúst 2010